

# Skíðagöngufélagið Ullur

## Fundargerð stjórnar

Dagsetning: 8. janúar 2024. kl. 17:30-19:00

Staðsetning: Síðbúin jólafundur, Jómfrúin við Lækjargötu.

Mætt voru: Ari Wendel (AW), Baldur Helgi Ingvarsson, Bergþóra Baldursdóttir (BB), Íris Marelsdóttir (ÍM) fundarritari, Málfríður Guðmundsdóttir (MG), Sigrún Melax (SM), Trausti Árnason (TÁ).



### Málefni fundar

- Fundargerð frá 4. des lögð fram til samþykktar.** Samþykkt með breytingum.
- Stefnumótun Ullar.** Stefnumótunardagur var haldinn þann 6. jan. Almenn ánægja var með daginn. TÁ hefur tekið niðurstöður saman og stjórn mun fylgja eftir niðurstöðu fundarins.
- Aðstöðumál og fundur með stjórnendum skíðasvæða.** AW og TÁ munu ganga á fund forsvarsmanna skíðasvæðisins sem fyrst. Eftirfarandi mál þarf m.a. að ræða:
  - Tryggja þarf undirbúning svæðis fyrir æfingar.
  - Umgegnismál nýja skálans. Lokun skálans á kvöldin.
  - Árlegur skíðagöngudagur og þann dag þarf að vera frítt inn á göngusvæðið.
  - Almenn þjónusta við skíðagönguna.
  - Öryggismál, s.s. lýsing, stefna í braut, merkingar þar sem spor mætast osfrv.
  - Merkingar skíðasvæðis.
- Samskiptareglur í starfi Ullar.** Umræða um leiðir til að bæta samskipti. TÁ mun fylgja samskiptamálum eftir.
- Skálinn.** Fjáröflunaráttak. Fá þarf fleiri til að ganga í félagið. Halda þarf skíðagöngudag og hvetja þar fólk til að ganga í félagið. TÁ og BHI fylgja eftir. Þjóða þarf upp á áheitagöngu Ullar, SM og MG fylgja eftir. Halda þarf innflutningsveislu á sama tíma.
- Leiðbeinendur á almenningnámskeiðum.** Laun til leiðbeinenda á 5 skipta almenningnámskeiðum Ullar eru óbreytt frá fyrra ári. Greitt er 10 000 kr fyrir eitt skipti og 8000 kr fyrir annað skipti á sama degi. Allir leggja út fyrir skíðakortum en Ullur endurgreiðir þjálfurum sem kenna að lágmarki 5 skipti.
- Þjálfarar Ullar.** Vantar einn varþjálfara sem getur leyst af þegar aðalþjálfarar eru uppteknir. Aðstoðarþjálfarar eru tveir og samþykkt að greiða þeim 5000 kr fyrir hverja æfingu. Um er að ræða ungmenni sem sinna störfum aðstoðarþjálfara. Ein staða yfirþjálfara er í Ulli og ein staða þjálfara. SM fylgir málinu eftir, ræðir við hugsanlegan varþjálfara og upplýsir um laun aðstoðarþjálfara. Þjálfarar fá áfram endurgreitt fyrir þjálfaraferðir innanlands, akstur, gistingu og upphald en upp að ákveðnu hámarki sem stjórn setur hverju sinni.
- Afreksmenn og styrkur til þeirra.** Að vera valinn í verkefni SKI erlendis er forsenda þess að vera styrkhæfur hjá Ulli. A. landslið, B. landslið og ungmennaverkefni. TÁ hefur samband við afreksfólk sem hafa verið valin til verkefna. TÁ skoðar form að umsóknareyðublaði vegna styrkja til afreksmanna Ullar.
- Almenningnámskeið, staða mála með tilliti til aðstöðu og veðurútlits.** Vel bókað á námskeiðin. Max 50 sem komast á hvert 5 skipta námskeið. Líklega komin markaður fyrir skautanámskeið og framhaldsskíðanámskeið fyrir lengra komna.
- Bláfjallagangan.** Komnar eru 60 skráningar í Bláfjallagöngu. TÁ og MG sitja í Bláfjallagöngunefnd ásamt Einari Ólafssyni. Markmið er að byggja upp Bláfjallagöngu.

## 11. Önnur mál.

- a. Búið er að afla 500 þús. kr í styrkjum fyrir nýjum fatnaði Ullunga.
- b. BHI ætlar að kanna húfur fyrir Ullunga, annars vegar keppnishúfa og hins vegar góð ullarhúfa.
- c. ÍM listar upp ferðaskíðafólkið. Það þarf að teygja sig til þeirra og fá þau til að ganga í Ull.
- d. ÍM skoðar fleiri hópa, s.s. Virk og það er gott að eldast.
- e. AW skoðar fjáröflun er varðar umhirðu skíða.

Fleira ekki fært til bókar

Fundi slitið kl. 20:15

**Fundir verða framvegis kl. 17.00 á mánudögum.**